

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Íbúðarbyggð á Svalbarðseyri – deiliskipulagsbreyting, breytt skipulagsmörk.

Í breytingunni felst að skipulagsmörk norðan leikskóla hliðrast um u.þ.b. 15 m til norðurs vegna fyrirhugaðrar stækkunar á leikskóla og leikskólalóð. Jafnframt er gerð lítilsháttar hliðrun á skipulagsmörkum vestan leikskóla til samræmis við núverandi lóðarmörk leikskólalóðar og lega útvistarstígs norðan lóðarinnar breytist lítillega vegna breyttra skipulagsmarka. Að öðru leyti gildir áfram greinargerð gildandi deiliskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. júní 2025.

Ofangreind tillaga hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 26. mars 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 14. apríl 2026